



DEILISKIPULAG FERÐAÞJÓNUSTU Á ÞEISTAREYKJUM Í ÞINGEYJARSVEIT

SAMANTEKT SKIPULAGSLÝSINGAR

5. júní 2020

Tilgangur með gerð skipulagsins er að skilgreina þætti sem snúa að ferðapjónustu og samspili hennar við náttúru og nýja virkjun.

Unnin verður heildstæð stefna þar sem hagsmunir ólíkra aðila verða samþættir með það að markmiði að gera Þeistareykjaland áhugavert og öruggt fyrir ferðamenn og vernda viðkvæma náttúru svæðisins.



Meginmarkmið með gerð skipulagsins er að gera Þeistareykjaland áhugavert og öruggt fyrir ferðamenn og vernda viðkvæma náttúru.



Skipulagssvæðið



Peistareykjaland í
Píngeyjarsveit

Skipulagssvæðið

Flatarmál um 280 km²




Skipulagssvæðið




Innan þess er afmarkað deiliskipulag Peistareykjavirkjunar.

Hugsanlegt er að með fyrirhuguðu deiliskipulagi verði gerð formleg breyting á deiliskipulagi virkjanasvæðis.




Náttúra svæðisins er aðdráttarafli og því nauðsynlegt að stýra aðgengi að svæðinu til þess að forðast rask á viðkvæmri náttúru.

Taka þarf m.a. ákvörðun um hvaða svæði eigi að vera aðgengileg og hver ekki og hvernig stýra eigi aðgengi.



Fjölbreyttir og ólíkir hópar ferðamanna sækja svæðið heim. Á sumrin eru þar göngu-, hjóla-, vélhjóla- og hestamenn og á veturna eru gönguskíða-, jeppa- og vélsleðamenn. Skoða þarf hvernig koma eigi til móts við ólíka hópa.

A landscape photograph showing a herd of sheep in the foreground, a valley with a waterfall in the middle ground, and a large volcano in the background under a cloudy sky. The text is overlaid on the left side of the image.

Bændur nýta svæðið til beitar og nýta þeir gangnamannaskálann á Þeistareykjum á hverju hausti.

Hefðbundnar landnytjar verða áfram á Þeistareykjum og skipulagssvæðinu öllu.

Verkefnalisti í upphafi verks

- Stuðla að náttúruvernd þannig að aukin umferð ferðamanna hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið.
 - Vernda m.a. viðkvæm hverasvæði fyrir ágangi.
 - Vernd og lokun dropsteinshella.
 - Landgræðsla.



Verkefnalisti í upphafi verks

- Að skilgreina gott og öruggt aðgengi að áhugaverðum stöðum.
 - Hverasvæði.
 - Ákveðnir hellar og önnur náttúruvætti.
 - Útsýnisstaðir.
 - Listaverk.



Verkefnalisti í upphafi verks

- Ákveða staðsetningu og fjölda áningarstaða með upplýsingaskiltum, snyrtiaðstöðu og bílastæðum og meta þörf fyrir aðra þjónustu.
 - Snyrtihús.
 - Göngu- og útsýnispallar.
 - Huga að aðgengi fyrir alla.



Verkefnalisti í upphafi verks

- Tryggja öryggi ferðamanna gagnvart orkuvinnslumannvirkjum.
- Tryggja öryggi orkuvinnslumannvirkja gagnvart ferðamönnum.
- Skipuleggja gönguleiðir um einstaka náttúru með merkingum og miðlun fræðslu um náttúrufar og sögu svæðisins.



Verkefnalisti í upphafi verks

- Skilgreina nýtingu vega og slóða.
 - Meta takmörkun bílaumferðar á ákveðnum leiðum.
 - Meta notkun vega og slóða og þá hvers konar umferð verði leyfileg, s.s. akandi, ríðandi, hjólandi eða gangandi.
 - Ákveða merkingar göngu-, hjóla- og reiðleiða.



Verkefnalisti í upphafi verks

- Tryggja hefðbundnar landnytjar.
 - Sauðfjárbreit.
 - Veiði.
 - Reiðleiðir.



Verkefnalisti í upphafi verks

- Önnur atriði.
 - Brú yfir gjá milli heimsálfa.
 - Tækifæri og nýsköpun í ferðapjónustu.



A wide-angle photograph of a geothermal landscape. In the foreground, a large, circular crater with a cracked, greyish-brown rim and interior is filled with a bubbling, white mineral-rich liquid. The surrounding ground is a mix of green grass and patches of brown, mineral-stained earth. In the middle ground, several other vents are visible, each emitting a plume of white steam that rises into the air. The background consists of a vast, flat green plain extending to a range of dark, rugged mountains under a bright, slightly overcast sky.

Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér efni skipulagslýsingar.

Með framlagningu og kynningu skipulagslýsingar er óskað eftir sjónarmiðum, hugmyndum og athugasemdum um viðfangsefni deiliskipulagsins.


Sendist til skipulagsfulltrúa:
gudjon@skutustadahreppur.is

Eða með bréfi merkt:
Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar
Kjarna
650 Laugum

Samráð

Drög að deiliskipulagi verða unnin á næstu mánuðum og verða þau kynnt á opnum fundi.

Gefst þá færi á athugasemdum og breytingum áður en tillagan verður auglýst formlega.



Samráð

Skipulagstillaga verður auglýst skv. lögum með a.m.k. 6 vikna athugasemdafresti.

Áætlað er að skipulagið geti tekið gildi haustið 2021.